

**Ed.**

**941. Nefndarálit**

**[337. mál]**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 64/1958, um útflutning hrossa, sbr. l. nr. 67/1969, um breyt. á þeim lögum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin fjallaði um málið á fundum sínum. Til viðræðna við nefndina kom Páll A. Pálsson yfirdýralæknir en vegna mistaka auðnaðist honum ekki að koma á framfæri athugasemdum þegar málið var til meðferðar í neðri deild.

Með hliðsjón af ábendingum yfirdýralæknis leggur nefndin fram breytingartillögu við frumvarpið þar sem landbúnaðarráðherra, að fengnu áliti yfirdýralæknis, er heimilað að veita leyfi til útflutnings hrossa eldri en 10 vetra.

Vert er að benda á að í erindi Hagsmunafélags hrossabænda um breytingar á lögnum var lagt til efnislega að hliðstæð breyting yrði lögfest.

Alþingi, 18. apríl 1986.

Egill Jónsson,  
form., frsm.

Helgi Seljan.

Ey. Kon. Jónsson,  
fundaskr.

Kolbrún Jónsdóttir.

Porv. Garðar Kristjánsson.

Jón Sveinsson.

Eiður Guðnason.